

- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra þá staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð. Sama gildir og um aðrar verslanir í kaupstaðnum. Bannað er að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, leikhús, félagsheimili, kvikmyndahús, sundlaug og hótél. Bannað er að fara með hund inn á skipulögð leiksvæði barna.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa kaupstaðarins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeinganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.
- g. Skráðum bændum skal heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá veiðurkennda veiðihunda án gjalds.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Dórunn Klemenzdóttir.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í heildsölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Fast gjald	kr.	F 1.
Orkugjald	—	42.00 á kWst.
12. Fast gjald	—	F 1 + F 2.
Orkugjald	—	22.70 á kWst.

2. Notkun til heimilisparfa, búrekstrar o. fl.

21. Fast gjald	—	F 1 + F 3.
Orkugjald	—	10.90 á kWst.
Markmæling:		
23. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	—	57 296.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafllsstillingu 20 kW	—	7 758.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	1.35 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	10.90 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Fast gjald	—	F 1 + F 2
Lágmarksgjald	—	$48 \times F 1$ á ári
Orkugjald	—	22.70 á kWst.
32. Aflgjald, lágmark 3 kW	—	42 095.00 á ári
Aflgjald, umfram 3 kW	—	11 354.00 á kW á ári
Fast gjald	—	F 1 + F 3
Orkugjald	—	4.20 á kWst.
34. Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október.		
Aflgjald	—	4 233.00 á kW á ári
Fast gjald	—	F 1
Orkugjald	—	1.80 á kWst.

4. Húshitun.

41. Fast gjald	—	F 1 + F 4
Orkugjald	—	5.05 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4
Orkugjald	—	2.14 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
Markmæling:		
43. Fast gjald	—	F 1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	15 720.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafllsstillingu 20 kW	—	3 144.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	—	1.20 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	9.30 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
44. Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F 1 + F 4
Orkugjald	—	1.10 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51. Fast gjald	—	F 1
Fyrir hvert götuljósker	—	$5 \times F 1$ á ári
Orkugjald	—	5.20 á kWst.
52. Fast gjald	—	F 1
Orkugjald	—	11.10 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduroppnun á veitu vegna vanskila eru samtals — 2 023.00 fyrir hvert skipti.

II. SKILGREINAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI**1. Föst gjöld.**

F 1	kr.	327.00 á mánuði
F 2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	12.20 á m ² á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	6.10 á m ² á mán.
F 3	—	129.00 á gjaldeiningu á mánuði

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.

Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.

Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálf, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F 4 Hvert uppsett kW kr. 600.00 á ári

2. Mestaafismæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalalag.

2. Gjaldskrárliður 32.

Gjaldskilytt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskbræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskilytt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.

Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla og tækjaalag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.

Notandi greiðir hærri verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0,8.

2. Heimilt er að hanna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinningulegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð diselolíu í Reykjavík til oliukyndingar kr. 13.70 hver lítri. Við hverja 10 auru útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 auru á gjaldskrárlið 41, 1.7 auru á lið 42, 1.5 auru á lið 43 og 0.9 auru á lið 44. Einnig skal kWstgjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olfu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWstgjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júní 1975, skv. auglýsingu nr. 201 22. maí 1975, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá sama efnis úr gildi felld.

Lönaðarráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 246.

5. júní 1975.

REGLUR

um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi.

1. gr.

Heimilt er að skrá samkvæmt reglum þessum bifreiðir, sem inn eru fluttar án greiðslu aðflutningsgjalda.

Heimild þessi tekur aðeins til ónotaðra bifreiða, sem keyptar eru hér á landi, og hafa eigi verið skráðar áður hérlendis eða erlendis.

Reglur þessar ná eigi til bifreiða þeirra, sem úrlendisréttar njóta.

2. gr.

Rétt til að fá bifreið skráða samkvæmt reglum þessum hefur sá maður, sem staddur er hér á landi, en hefur átt lögheimili erlendis a. m. k. næstliðin 2 ár, og